

Tekjur Nýherja aukast um 17% á fyrstu níu mánuðum ársins

Nýherji hagnast um 193 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins og öll félög samstæðunnar skila hagnaði

REYKJAVÍK - 28. október 2015 - Nýherji kynnti í dag uppgjör þriðja ársfjórðungs 2015

Helstu upplýsingar:

- Vöru- og þjónustusala á F3 nam 3.019 mkr (18,6% tekjuvöxtur samanborið við F3 2014) og 9.669 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins (17,1 % tekjuvöxtur samanborið við fyrstu níu mánuði 2014) [F3: 2014:2.545 mkr]
- Framlegð nam 828 mkr (27,4%) í F3 og 2.465 mkr (25,5%) á fyrstu níu mánuðum ársins [F3 2014: 669 mkr (26,3%), fyrstu níu mánuðir 2014 2.171 mkr (26,3%)]
- Heildarhagnaður í F3 nam 82 mkr og 193 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins [F3 2014: 12 mkr, fyrstu níu mánuðir 2014: 137 mkr]
- EBITDA nam 240 mkr (8%) í F3 og 693 (7,2%) á fyrstu níu mánuðum ársins [F3 2014: 188 mkr (7,4%), fyrstu níu mánuðir 2014: 586 (7,1%)]
- Jákvæð rekstrarafkoma var hjá öllum félögum samstæðunnar á fyrstu níu mánuðum ársins.
- Nýherji flytur hýsingarþjónustu í gagnaver Verne Global

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Rekstur Nýherja og dótturfélaga á þriðja ársfjórðungi og það sem af er ári hefur gengið vel. Tekjur og afkoma eru umfram áætlanir og töluvert betri en í fyrra. Við erum ánægð að sjá kraftmikinn tekjuvöxt á milli ára, sem hefur þrífættar skýringar. Í fyrsta lagi er hann til marks um almennt aukin umsvif í hagkerfinu. Í öðru lagi þá skilar nýtt og skilvirkara skipulag okkur tilætluðum árangri. Í þriðja lagi þá er mikill áhugi erlendis á hugbúnaði sem dótturfélög Nýherja hafa þróað undanfarin misseri, einkum tímaskráningarlausnum frá Tempo og bankalausnum frá Applicon á Íslandi og í Svíþjóð. Öll félög samstæðunnar skila ágætri afkomu og eru horfur í rekstri þeirra góðar.“

Rekstrarniðurstaða á fyrstu níu mánuðum ársins 2015

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	9M 2015	9M 2014
Seldar vörur og þjónusta	9.669	8.257
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(7.203)	(6.086)
Framlegð	2.465	2.171
Rekstrarkostnaður	(2.024)	(1.810)
Rekstrarhagnaður	441	362
Hrein fjármagnsgjöld	(184)	(181)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	258	181
Tekjuskattur	(57)	(37)
Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	201	144
Tap af aflagðri starfsemi	0	(26)
Hagnaður tímabilsins	201	118
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(8)	19
Heildarhagnaður tímabilsins	193	137
EBITDA	693	586

- Sala á vöru og þjónustu nam 9.669 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 8.257 mkr á fyrstu níu mánuðum 2014, sem er aukning um 17,1% á milli ára
- Framlegð nam 2.465 mkr (25,5%) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 2.171 mkr (26,3%) á fyrstu níu mánuðum 2014
- Rekstrarkostnaður var 2.024 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins (20,9% af tekjum), samanborið við 1.810 mkr (21,9% af tekjum) á sama tímabili 2014
- Rekstrarhagnaður var 441 mkr (4,6%) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 362 mkr (4,4%) mkr á fyrstu níu mánuðum 2014 og hækkar um 21,8% á milli ára
- EBITDA nam 693 mkr (7,2%) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 586 mkr (7,1%) á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins nam 193 mkr, samanborið við 137 mkr á sama tímabili 2014

TIL BIRTINGAR MIÐVIKUDAGINN 28. OKTÓBER 2015
<http://www.nyherji.is/um-nyherja/hluthafar/>

Efnahagsreikningur 30.09.2015 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	30.09.2015	31.12.2014
Fastafjármunir	3.126	3.038
Veltufjármunir	2.615	2.732
Eignir samtals	5.740	5.771
Eigið fé	1.156	963
Langtímaskuldir	2.538	2.651
Skammtímaskuldir	2.047	2.157
Eigið fé og skuldir samtals	5.740	5.771
Veltufjárhlutfall	1,28	1,27
Eiginfjárhlutfall	20,1%	16,7%

- Veltufjármunir lækka um 117 mkr frá árslokum 2014, úr 2.732 mkr í 2.615 mkr. Mest vegur lækkun á viðskiptakröfum um 305 mkr, hinsvegar hækka birgðir á móti um 163 mkr
- Vaxtaberandi skuldir lækka um 34 mkr frá áramótum og eru 2.993 mkr
- Eiginfjárhlutfall hækkar frá árslokum og er 20,1%

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	9M 2015	9M 2014
Handbært fé frá rekstri	470	181
Fjárfestingarhreyfingar	(417)	(198)
Fjármögnunarhreyfingar	(25)	(269)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	28	(285)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(4)	(6)
Handbært fé í ársbyrjun	79	451
Handbært fé í lok tímabilsins	103	160

- Handbært fé frá rekstri er 470 mkr fyrstu níu mánuði ársins, samanborið við 181 mkr á sama tímabili 2014
- Fjárfestingarhreyfingar námu 417 mkr samanborið við 198 mkr hreyfingu á sama tímabili í fyrra. Hærri hreyfingu má m.a rekja til hærri eignfærslu þróunarkostnaðar í ár og hærri fjárfestingu í rekstrarfjármunum
- Fjármögnunarhreyfingar eru hærri árið 2014 vegna niðurgreiðslu á vaxtaberandi skammtímaskuldum
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 103 mkr samanborið við 160 mkr á sama tímabili 2014

Rekstrarniðurstaða á þriðja ársfjórðungi 2015

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F3 2015	F2 2015	F1 2015	F4 2014	F3 2014
Seldar vörur og þjónusta	3.019	3.386	3.263	3.315	2.545
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.192)	(2.556)	(2.456)	(2.475)	(1.876)
Framlegð	828	830	808	840	669
Rekstrarkostnaður	(678)	(685)	(661)	(674)	(558)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	150	145	147	167	112
Hrein fjármagnsgjöld	(72)	(80)	(33)	(111)	(98)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	78	66	114	55	13
Tekjuskattur	(20)	(14)	(23)	69	(2)
Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	58	52	91	124	12
Þýðingarmunur erl. dótturfélaga	24	18	(50)	(2)	0,5
Heildarhagnaður tímabilsins	82	69	41	122	12
EBITDA	240	227	225	241	188

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.019 mkr á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 2.545 á sama tímabili 2014, sem er aukning um 18,6% á milli ára
- Framlegð nam 828 mkr (27,4%) á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 669 mkr (26,3%) á sama tímabili árið 2014
- Rekstrarkostnaður var 678 mkr á þriðja ársfjórðungi (22,5% af tekjum), samanborið við 558 mkr (21,9% af tekjum) á sama tímabili 2014
- Rekstrarhagnaður var 150 mkr (5%) á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 112 mkr (4,4%) á þriðja ársfjórðungi 2014 og hækkar um 34% á milli ára
- EBITDA nam 240 mkr (8%) á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 188 mkr (7,4%) á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 82 mkr, samanborið við 12 mkr á sama tímabili 2014

Tekjur af ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu yfir áætlun hjá Nýherja

Ágætur hagnaður varð af starfsemi Nýherja móðurfélags. Góð eftirspurn var eftir miðlægum búnaði og rekstarþjónustu félagsins. Tekjur af ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu voru töluvert yfir áætlun, verkefnastaða er góð. Mikill vöxtur var í sölu á hljóð- og myndlausnum auk þess sem sala á Lenovo tölum gengur vel.

Nýherji hefur ákveðið að flytja hýsingarsal sinn í gagnaver Verne Global í Reykjanesbæ. Markmiðið með breytingunni er að tryggja viðskiptavinum Nýherja aðgang að fullkomnasta gagnaveri landsins í aðstöðu sem jafnast á við það besta sem gerist á heimsvísu. Þessi breyting hefur þau áhrif að öryggi og áreiðanleiki til viðskiptavina í þjónustu Nýherja eykst enn frekar. Nýherji og Verne Global hyggjast ennfremur vinna saman að áframhaldandi uppbyggingu gagnaversiðnaðar á Íslandi. Í sameiningu geta Nýherji og Verne boðið markaðsleiðandi lausn og framúrskarandi þjónustu.

Horfur í rekstri Nýherja eru góðar.

Nýir viðskiptavinir hjá TM Software

Rekstur TM Software gekk ágætlega í fjórðungnum. Afkoma af rekstri var góð og nokkuð yfir áætlun. Í fjórðungnum var gengið frá samningum við apótek um Medicor lyfjaafgreiðslukerfið auk þess sem 4 nýir aðilar tóku upp Sögu sjúkraskrá. Þá var einnig gengið frá samningi við Vátryggingafélag Íslands hf., VÍS, um þróun og viðhald á kerfum VÍS sem snúa að rafrænni þjónustu s.s. vefsíðu og þjónustuvef.

Horfur í rekstri TM Software eru góðar.

50% tekjuvöxtur hjá Tempo

Áframhaldandi vöxtur var einkennandi fyrir rekstur Tempo á ársfjórðungum. Fyrirtækið bætti við sig starfsfólki og tekjur jukust um 50% á ársfjórðungnum miðað við sama tímabili í fyrra. Tempo hugbúnaðurinn var kynntur á þremur stórum ráðstefnum í ársfjórðungnum; á Agile 2015 í Washington, PMI Global Congress í Orlando og JAX í London. Í ársfjórðungnum gaf félagið út tvær nýjar vörur þ.e. skýlausn af Tempo Planner og snjall-útgáfu (mobile) af Tempo. Um 80 starfsmenn starfa nú hjá félaginu.

Að undanfögnu hefur áhugi fjárfesta á kaupum á allt að 25% hlut í Tempo verið kannaður. Niðurstaða þeirrar könnunar var sú að bæði innlendir og erlendir fjárfestar lýstu vilja til að eignast meirihluta í Tempo. Slík sala var þó ekki það sem lagt var upp með og stjórn Nýherja hefur nú ákveðið að bíða með sölu á hlutum í félaginu að svo stöddu. Félagið mun í náinni framtíð meta hvort álitlegt getur talist að endurskoða ákvörðun um sölu og selda hlutdeild.

Endurskoðun á ákvörðun um sölu hefur engin áhrif á rekstraráætlanir Tempo. Horfur í rekstri eru góðar og gert ráð fyrir áframhaldandi tekjuvexti og ágætri afkomu.

Mikill áhugi á nýjum mannauðs- og launalausnum

Afkoma Applicon á Íslandi var á áætlun. Mikil áhersla var á þróun og kynningu á mannauðs- og launalausnum Applicon, m.a. Kjarna, sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur hjá fyrirtækjum og stofnunum. Þá var unnið að áhugaverðum tækifærum á sviði bankalausna, bæði á Íslandi og með Applicon í Svíþjóð.

Afkoma yfir áætlun hjá Applicon í Svíþjóð

Þriðji ársfjórðungur var góður hjá Applicon í Svíþjóð og skilaði félagið tekjum og rekstrarhagnaði umfram áætlanir. Verkefnastaða er mjög góð, nýting ráðgjafa og afkoma af þjónustusölu í samræmi við það. Endursala á SAP hugbúnaðarleyfum var umfram áætlanir á fjórðungnum vegna verkefna um innleiðingu bankalausna hjá nýjum viðskiptavinum.

Verkefnastaða er góð fyrir komandi ársfjórðunga í öllum ráðgjafaeyningum fyrirtækisins. Eins er ágætar horfur með sölu á endursölu SAP leyfa og eigin hugbúnaðarvörum Applicon.

Horfur

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru góðar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hóflegum vexti tekna og afkomu Nýherja og dótturfélaga.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok þriðja ársfjórðungs 2015 var kr. 5.465 milljónir. Lokaverð í ársfjórðungnum var kr. 13,3 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 30. september 2015 voru 410 milljónir og voru hluthafar 359 talsins.

Kynningarfundur þann 29. október 2015

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 29. október 2015 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík og hefst hann kl. 09:00. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is, að honum loknum.

Fjárhagsdagatal fyrir 2015

Áætluð birting ársuppgjörs fyrir árið 2015:

- 28. janúar 2016: Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2015

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. 28. október 2015. Árshlutauppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Árshlutauppgjörin hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins.

Nýherji hf.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðiþekkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands).

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Marta Kristín Lárusdóttir, Ágúst Sindri Karlsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

TIL BIRTINGAR MIÐVIKUDAGINN 28. OKTÓBER 2015
<http://www.nyherji.is/um-nyherja/hluthafar/>

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdarstjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.